

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

STARFSREGLUR STJÓRNAR

1. gr. Starfsreglur stjórnar

- 1.1. Samkvæmt 6. gr. laga Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) skal stjórn félagsins setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Í 2. gr. laganna segir m.a. að tilgangur félagsins sé að fylgjast með og fjalla um álitamál sem upp kunna að koma fyrir hönd forstöðumanna og standa straum af kostnaði vegna þeirra í samræmi við starfsreglur stjórnar varðandi nýtingu fjármuna félagsins.

2. gr. Skipting verkefna stjórnar

- 2.1. Stjórn FFR er skipuð sjö félagsmönnum sem kosnir eru á aðalfundi. Formaður er kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Að loknum aðalfundi skal stjórn koma saman til fundar og kjósa ritara, gjaldkera og varaformann.
- 2.2. Stjórn kýs tvo fulltrúa félagsins í samráðshóp FFR og Kjara-og mannauðssýslu ríkisins (KMR) um kjaramál forstöðumanna en formaður er jafnframt í þeim samráðshópi. Stjórn skiptir með sér verkum að öðru leyti eins og þörf er á.
- 2.3. Að hausti ákveður stjórn hvaða áherslumálum félagið skuli vinna að á komandi starfsári og skulu þau tilgreind í fundargerð.
- 2.4. Formaður kemur fram út á við fyrir hönd félagsins. Hann ber ábyrgð á fundarhaldi stjórnar.
- 2.5. Stjórn eða formaður getur falið framkvæmdastjóra félagsins að vinna að skilgreindum verkefnum í umboði sínu og að koma fram fyrir hönd félagsins.

3. gr. Stjórnarfundir

- 3.1. Störf stjórnar skulu almennt fara fram á stjórnarfundum. Stjórn skal að jafnaði funda mánaðarlega en þó ekki yfir sumartímann.
- 3.2. Stjórnarfundur skal ætíð halda ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess. Ósk um auka stjórnarfund skal berast skriflega eða með tölvupósti til formanns og framkvæmdastjóra. Í fundarboði sem framkvæmdastjóri sendir skal koma skýrt fram hvert fundarefnið er.
- 3.3. Reglulegir stjórnarfundir eru ákveðnir til eins árs í senn og skal formaður leggja fram tillögu um fundaráætlun í upphafi hvers starfsárs. Í málum þar sem nauðsynlegt þykir

að funda strax og/eða taka skjótar ákvarðanir skal formaður boða til sérstakra funda utan reglulegra stjórnarfunda.

- 3.4. Stjórnarfundur skal halda á starfsstöð félagsins nema stjórn ákveði annað. Heimilt er að halda stjórnarfundum með notkun rafræna miðla.
- 3.5. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundum og útbýr dagskrá stjórnarfunda. Formanni er heimilt að fela framkvæmdastjóra að boða til funda og gera tillögu að dagskrá. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt. Formaður stýrir stjórnarfundum og sér til þess að fyrirbyggjandi mál séu tekin til umræðu svo fullnægjandi sé. Í fjarveru formanns stýrir varaformaður eða framkvæmdastjóri fundi.
- 3.6. Fundarefni stjórnarfunda ræðst af þörf hverju sinni. Ef tilefni þykir til skal framkvæmdastjóri upplýsa stjórn um fjárhag félagsins sem og fyrirsagnir og erindi sem félaginu hafa borist.

4. gr. Ákvarðanir stjórnar og meðferð mála

- 4.1. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála.
- 4.2. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði við afgreiðslu mála. Stjórnarmanni er heimilt að fela öðrum stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra að greiða atkvæði fyrir sína hönd.
- 4.3. Stjórn er ákvörðunarþær og ályktanir hennar lögmætar þegar meirihluti stjórnarmanna tekur þátt í fundi.
- 4.4. Stjórnarmanni er óheimilt að taka þátt í umfjöllun eða meðferð máls ef hann hefur persónuleg tengsl við málefnið eða verulegra hagsmuna að gæta. Stjórnarmenn gæta sjálfir að hæfi sínu og skulu strax vekja athygli á því ef þeir telja minnsta vafa leika á hæfi sínu, svo sem vegna persónulegra tengsla. Ef vafi er á hæfi stjórnarmanns sker stjórn úr um hvort tilefni sé til að stjórnarmaður víki sæti í málinu en sá stjórnarmaður sem á hlut að máli tekur ekki þátt í umræðu eða ákvörðun. Skal ákvörðun stjórnar skráð í fundargerð. Stjórnarmenn sem vanhæfir eru til umfjöllunar eða afgreiðslu máls skulu yfirgefa fundarrými við meðferð og afgreiðslu málsins.

5. gr. Samskipti og störf utan stjórnarfunda

- 5.1. Samskipti stjórnarmanna innbyrðis og/eða við framkvæmdastjóra utan stjórnarfunda er varða málefni félagsins skal upplýsa um á næsta stjórnarfundum og þau bókuð í fundargerð þyki tilefni til.
- 5.2. Óski félagsmaður, eða aðrir aðilar, eftir fundum með stjórn ákveður formaður í samráði við varaformann, og eftir atvikum aðra stjórnarmenn, hvaða fulltrúar stjórnar fundum með

viðkomandi. Formaður getur jafnframt falið framkvæmdastjóra að mæta á slíka fundi f.h. stjórnar eða með fulltrúa/-um stjórnar.

- 5.3. Framkvæmdastjóra er heimilt að funda með félagsmönnum eða öðrum f.h. stjórnar. Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um slíka fundi á næsta stjórnarfundum og er slíkt bókað í fundargerð þyki tilefni til. Jafnframt upplýsir framkvæmdastjóri um önnur samskipti á stjórnarfundum ef þörf er á.
- 5.4. Framkvæmdastjóri gengur frá fundargerðum stjórnarfunda og aðalfunda og birtir á heimasíðu félagsins. Jafnframt gengur framkvæmdastjóri frá bókunum á stjórnarfundum sem ekki eru birtar í fundargerð (trúnaðarmál) og vistar með öruggum hætti. Aðrar fundargerðir vegna funda um málefni félagsins vistar framkvæmdastjóri með öruggum hætti sem og önnur gögn.
- 5.5. Framkvæmdastjóri skjalar með öruggum og skipulögðum hætti samskipti og afgreiðslu mála sem kunna að hafa fordæmisgildi og eðli máls samkvæmt skipta máli fyrir félagið.

6. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 6.1. Stjórnarmenn skulu gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum fyrir félagið sem eðli máls samkvæmt skal bundið trúnaði. Ávallt skulu stjórnarmenn gæta þagmælsku um málefni sem bókuð eru sem trúnaðarmál á fundum. Stjórnarmenn mega hvorki notast við vitneskju sem þeir fá í störfum sínum fyrir félagið í eigin þágu eða annarra, né fjalla opinberlega um, nema með samþykki stjórnar. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þrátt fyrir að stjórnarmenn láti af stjórnarstörfum.
- 6.2. Gögn sem stjórnarmenn fá aðgang að eða fá afhent og varða málefni einstakra forstöðumanna eða stofnana skal meðhöndla af varkárni og varðveita með öruggum hætti. Stjórnarmenn skulu eyða slíkum gögnum þegar umfjöllun um málið er lokið af hálfu stjórnar og ávallt þegar þeir láta af störfum fyrir félagið. Skal stjórnarmaður senda formanni eða framkvæmdastjóra staðfestingu á að öllum gögnum hafi verið eytt.

7. gr. Nýting á fjármunum félagsins

- 7.1. Stjórn ákveður hvernig fjármunir félagsins eru nýttir í samræmi við tilgang félagsins.
- 7.2. Berist félaginu beiðni um greiðslu kostnaðar vegna álitamála um forsendur grunnmats starfa, annarra launa og viðbótarlauna, sbr. 1. mgr. 39. gr. a. laga nr. 70/1996, skal stjórn taka ákvörðun um fjárhæð greiðslu og fyrirkomulag. Við mat á beiðni um greiðslu kostnaðar ber stjórn að hafa í huga fyrri framkvæmd við ákvarðanatöku af þessum toga sbr. einnig greinar 7.4.-7.7. eftir því sem við á.
- 7.3. Berist félaginu beiðni um fjárstuðning vegna reksturs álitamáls sem tengist starfi forstöðumanns eða starfslokum, skal stjórn taka ákvörðun sbr. greinar 7.4.-7.7. eftir því sem við á.

- 7.4. Stjórn getur annars vegar samþykkt að veita félagsmönnum stuðning vegna reksturs stjórnarsýslumála og hins vegar vegna reksturs dómsmála. Stjórn er jafnframt heimilt að veita stuðning vegna annars konar mála í samræmi við tilgang félagsins.
- 7.5. Hámarksstyrkur vegna reksturs stjórnarsýslumáls er samtals 600 þúsund krónur. Stjórn skal setja það skilyrði fyrir samþykki fjárstyrks að viðkomandi upplýsi stjórn um stöðu málsins hverju sinni, málalyktir og að stjórn fái afrit af niðurstöðu máls.
- 7.6. Hámarksstyrkur vegna reksturs dómsmáls er samtals 1,6 milljónir króna. Við samþykki á fjárstyrk vegna reksturs dómsmáls skal stjórn gera kröfu um að viðkomandi greiði félaginu til baka þá fjárhæð sem félagið greiddi viðkomandi, fáið málskostnaður dæmdur í dómsmáli. Þá skal stjórn jafnframt setja skilyrði fyrir samþykki þess efnis að viðkomandi upplýsi stjórn um stöðu málsins hverju sinni, málalyktir og að stjórn fái afrit af niðurstöðu.
- 7.7. Komi fram beiðni um viðbótarstyrk getur stjórn veitt samþykki sé málið verulega fordæmisgefandi og/eða varði mikilvæga hagsmuni sem samræmast tilgangi félagsins sbr. einnig 1. mgr. 39. gr. a. laga nr. 70/1996.
- 7.8. Stjórn er heimilt að víkja frá ákvæðum 7.4. – 7.7. þegar málefnaleg og sanngjörn rök liggja fyrir að mati stjórnar.
- 7.9. Ákvarðanir um nýtingu fjármuna félagsins skv. grein þessari skulu teknar m.t.t. fjárhagsstöðu félagsins hverju sinni. Hafi álitamál lítið fordæmisgildi fyrir forstöðumenn að mati stjórnar er henni heimilt að synja um greiðslu eða greiða einungis hluta kostnaðar.
- 7.10. Samþykktir fjárstyrkir eru greiddir út eftir að reikningar vegna útlagðs kostnaðar hafa borist framkvæmdastjóra.

8.0. Endurskoðun og birting á starfsreglum

- 8.1. Stjórn getur breytt starfsreglum þessum á stjórnarfundum með samþykki meirihluta stjórnar.
- 8.2. Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar á stjórnarfundum eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og birtar á heimasíðu félagsins.
- 8.3. Félagsmenn skulu upplýstir um starfsreglur stjórnar sem og endurskoðun þeirra með tölvupósti.

Reglur þessar voru endurskoðaðar og samþykktar af stjórn FFR á stjórnarfundum þann 2. febrúar 2026 og gilda frá þeim degi.